

Stjórnarfundur GHG þriðjudaginn 17.02.2015 kl. 19:30 í golfskála – nr. 3

Mættir: Auðunn, Össur, Morten, Erlingur og Ólafur.

Fjarverandi (einkum vegna ófærðar) Alfreð, Ingibjörg, Sveinbjörn, Hjörtur og Steingrímur.

Formaður setti fundinn og tók að sér að rita fundargerð í forföllum ritara.

1. Afgreiðsla fundargerðar stjórnarfundar GHG frá 20. janúar 2015

Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

2. Skipan nefnda – viðbætur og breytingar

Fyrir liggur tillaga um fullskipaða skemmtinefnd:

- Alfreð Maríusson, formaður
- Hafsteinn Hafsteinsson
- Sigurður Hlíðar Dagbjartsson

Fyrir liggur tillaga um að í afreksnefnd verði Erlingur Arthursson ásamt Steingrími Ingasyni, formanni nefndarinnar. Stefnt er að því að skipa einn nefndarmann til viðbótar.

Snorri Finnlaugsson hefur óskað eftir að ganga úr útbreiðslunefnd og er gerð tillaga um að Guðmundur Erlingsson taki sæti hans í nefndinni.

Framangreindar tillögur voru samþykktar samhljóða.

3. Skipan fulltrúa á HSK þing 14. mars

GHG skal skipa tvo þingfulltrúa. Auðunn gefur kost á sér til þingsetu. Ekki komu fram fleiri framboð. Skipan Auðuns samþykkt og ennfremur var honum veitt heimild til að fá annan stjórnarmann eða félagsmenn að eigin vali með sér til setu á þinginu.

4. Gjaldskrá vallargjöld

Gjaldskráin rædd og uppbygging hennar. Fram fór umræða um sérstakt álag á þá sem ekki eru skráðir í golfklúbb innan GSÍ. Samþykkt tillaga frá framkvæmdastjórn um að gjaldskrá vallargjalda verði óbreytt frá síðasta sumri. Ákveðið að taka ekki upp álag á þá sem ekki eru skráðir í golfklúbb innan GSÍ að svo stöddu.

GHG Gjaldskrá 2015		
	Holur	Gjald
Flatargjald		
19 ára og eldri	9	3.000
19 ára og eldri	18	4.500
Afsláttargjald hjóna	9	4.500
Afsláttargjald hjóna	18	6.750
Flatargjald virka föstudaga, virka daga fyrir kl. 14 og eftir kl. 16 um helgar og á frídögum		
19 ára og eldri	9	2.200
19 ára og eldri	18	3.300
Afsláttargjald hjóna	9	3.300
Afsláttargjald hjóna	18	4.950

GHG Gjaldskrá 2015 frh.		
	Holur	Gjald
Börn og unglingar		
flatargjald 16-18 ára	9	1.500
flatargjald 16-18 ára	18	2.250
flatargjald 13-15 ára	9	750
flatargjald 13-15 ára	18	1.125
flatargjald 12 ára og yngri	Frítt í fylgd með fullorðnum	
Annað		
Sumarkort einstaklinga		40.000
Sumarkort fyrirtækja		50.000
Golfbíll	9	3.000
Golfbíll	18	4.500
Golfsett m kerru		2.500
Golfkerra		1.000
Afsláttarkort 5 x 9 holur		12.000
Afsláttarkort 5 x 18 holur		18.000
Öryrkjar fá 20% afslátt af flatargjöldum		

5. Tækjakaup

Framkvæmdastjórn og vallarnefnd hafa skoðað kosti varðandi tækjakaup. Borist hefur tilboð frá Vélaborg þar sem tvö tæki (röfsláttuvél John Deere árg. 2008 og vinnubíll John Deere árg. 2003 með áburðardreifara og palli) eru boðin klúbbum til sölu á samtals 5.756.000 kr. og að 30% verði greitt við staðfestingu og eftirstöðvar við afhendingu í apríl. Gerð var grein fyrir tækjunum og fram fóru umræður. Samþykkt samhljóða tillaga framkvæmdastjórnar um að ganga að tilboði Vélaborgar.

Þá hefur verið farið yfir hvaða tæki í eigu klúbbsins skuli boðin til sölu og er stefnt að sölu á tveimur sláttuvélum og e.t.v. dráttarvél.

6. Lántaka vegna tækjakaupa

Formaður hefur leitað eftir kjörum á lántöku hjá Arion banka í samræmi við heimild í fjárhagsáætlun GHG með eftirfarandi forsendum:

- Lántökudagur 10. apríl 2015.
- Lánsfjárhæð 2.600.000 kr.
- Óverðtryggt lán með uppgreiðsluheimild
- Gjald dagar mánaðarlega 10. hvers mánaðar
- Fyrsti vaxtagjalddagi 10. maí 2015
- Fyrsti gjalddagi afborgunar 10. nóvember 2015
- Fjöldi gjalddaga 40 (+6 vaxtagjalddagar)

Í bankanum er tryggingarbréf með veði í fasteignum í Gufudal samkvæmt veðheimild frá Jarðeignum ríkisins. Ekki þarf að afla frekari trygginga fyrir lántökunni.

Arion banki hefur veitt heimild til lánveitingarinnar og eru boðnir breytilegir vextir nú 7,15% og lántökukostnaður 36.900 kr. Lánið yrði með uppgreiðsluheimild og án uppgreiðslugjalds. Framangreind lántaka samþykkt samhljóða.

Fram kom að fengist hefur framlenging á yfirdráttarheimild hjá Arion banka að fjárhæð 4,5 millj. kr. til 1. október 2015 og að bankinn hafi lækkað vexti á yfirdráttarláni úr 11,30% í 10,80%.

7. Starfsmannamál

Staðan og ýmsar hugmyndir ræddar. Framkvæmdastjórn falið að ræða við nokkra aðila og vinna að frágangi á ráðningu starfsfólks fyrir komandi sumar.

8. Stutt yfirlit frá nefndum

Mótanefnd

Ólafur fór yfir vinnu nefndarinnar. Fyrir liggja drög að mótaskrá og leitaði hann eftir athugasemdum og hugmyndum. Þúttmótaröð á laugardögum hefur gengið vel.

Húsnefnd

Morten fór yfir helstu verkefni nefndarinnar. Búið er að grafa fyrir nýrri hitalögn að skemmu og panta lagnaefni. Leitað hefur verið eftir verðum í hurðir á gáminn. Til umræðu hefur verið að setja upp skilrúm í skemmu og einangra vinnuaðstöðu. Varðandi búnað í skála sem kann að standa til boða, þá er nefnt að það megi endurnýja kaffivélar og bæta við fleiri stólum.

Vallarnefnd

Erlingur gerði grein fyrir helstu verkefnum. Nokkur undirbúningsvinna hefur verið vegna tækjakaupa. Til stendur að færa stíg við fyrsta grín og loka hluta af skurði á þriðju braut. Ábending kom fram um að kalla til hönnuð áður en ráðist verður í breytingarnar og eftir atvikum fari fram kynning á meðal félagsmanna.

Útbreiðslunefnd

Össur ræddi helstu verkefni. Nefndin hefur fundað og fram hafa komið allmargar hugmyndir sem þarf að vinna úr. Meðal annars hefur verið rætt um nýja útfærslu á merkingum teiga þar sem lögð er áhersla á lengd vallar miðað við hvert teigasett. Þá er verið að undirbúa nýliðastarfið og hugmyndir um Snag golf í vor.

Barna- og unglínganefnd

Auðunn fór yfir verkefni. Ingvar Jónsson hefur séð um æfingar einu sinni í viku í Hamarshöllinni fyrir afrekshóp. Undirbúningur fyrir sumarstarfið er að hefjast.

9. Fundargerðir framkvæmdastjórnar til umræðu.

Formaður kallaði eftir fyrirspurnum eða athugasemdum við fundargerðir framkvæmdarstjórnar frá 21. janúar, 28. janúar, 4. febrúar og 11. febrúar. Fundargerðunum hefur verið dreift jafnóðum til stjórnarmanna. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðirnar. Spurt um Friðgeirsmótið sem fram fer í 10 skiptið í sumar.

10. Önnur mál

Ekki komu fram nein önnur mál.

Stefnt er að næsta stjórnarfundum þriðjudaginn 17. mars.

Fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð skráði Auðunn Guðjónsson